



Ungmennasamband Kjalarneßings

# SKÝRSLA OG REIKNINGAR 1991



68. ÁRSÞING

FÓLKVANGI Á KJALARNESSI

9. FEBRÚAR 1992

# Ársskýrsla stjórnar UMSK 1991-1992

	bls.
Dagskrá þingsins.....	2
Fulltrúar á 68. ársþingi UMSK.....	3
Ávarp formanns.....	4
Skýrsla stjórnar.....	5
67. ársþing UMSK	6
Stjórn UMSK	7
Aðildarfélög UMSK	8
UMFÍ þing	14
Skrifstofa UMSK	15
Fréttabréf UMSK	15
Skólahlaup UMSK	16
Starfsskýrslur	19
Ný félög	19
Bikarkeppni SSÍ	20
Bikarkeppni FRÍ	21
Héraðsmót	22
Sundnefnd UMSK	22
Getraunir	23
Lottó 5/38	25
Heiðursviðurkenningar	29
Íþróttaiðkendur UMSK	31
Úrslit úr héraðsmóti í sundi	31
Héraðsmet í sundi	33
Héraðsmet í frjálsum íþróttum	34
 Lög UMSK.....	36
Reglur um heiðursviðurkenningar.....	40
Reglur um sérnefndir.....	41
Reikningar.....	43

# Dagskrá

## 68. Ársþings UMSK

Haldið í Fólkvangi á Kjalarnesi  
9. febrúar 1992

1.	Þingsetning.	kl.	10:00
2.	Kosning fyrsta og annars þingforseta.	kl.	10:10
3.	Kosning fyrsta og annars þingritara.	kl.	10:13
4.	Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.	kl.	10:16
5.	Skyrsla stjórnar lögð fram.	kl.	10:20
6.	Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.	kl.	10:40
7.	Ávörp gesta.	kl.	10:55
8.	Álit kjörbréfanefndar.	kl.	11:10
9.	Staðfesting á aðild nýrra félaga.	kl.	11:20
10.	Umræður um skýrslu stjórnar.	kl.	11:30
11.	Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga. MATARHLÉ.	kl.	11:45
12.	Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.	kl.	12:00
13.	Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.	kl.	13:00
14.	Laga og reglugerðarbreytingar lagðar fram.	kl.	13.10
15.	Aðrar tillögur lagðar fram.	kl.	13:15
16.	Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.	kl.	13:20
17.	Afgreiðsla á áliti nefnda.	kl.	13:30
18.	Önnur mál.	kl.	15:00
19.	Kosningar, kjörnefnd skilar áliti. a. Kosning formanns. b. Kosning tveggja stjórnarmanna. c. Kosning þriggja manna í varastjórn. d. Kosning tveggja endurskoðenda og tveggja til vara. e. Kosning í héraðsdómstól.	kl.	16:00
		kl.	16:30

# Pingfulltrúar

## Pingfulltrúar á 68. ársþingi UMSK

Félag	Skattsk. félagar	fullt.
1. Umf. Afturelding	365	4
2. Umf. Drengur	73	1
3. Umf. Kjalnesinga	108	1
4. Umf. Bessastaðahrepps	25	1
5. Umf. Breiðablik	1084	9
6. Umf. Stjarnan	1222	9
7. Íþróttafélagið Grótta	194	2
8. Handknattleiksfélag Kópavogs	405	4
9. Íþróttafélagið Gerpla	278	3
10. Siglingafélagið Ýmir	212	2
11. Siglingaklúbburinn Vogur	15	1
12. Íþróttafélag Kópavogs	183	2
13. Golfklúbburinn Kjölur	224	2
14. Siglingafélagið Sigurfari	136	1
15. Íþróttafélagið Gáski	53	1
16. Íþróttafélagið Hlynur	62	1
17. Íþróttafélagið Tjaldur	16	1
18. Golfklúbbur Garðabæjar	102	1
19. Knattspyrnufélagið Hvatberar	13	1
20. Hestaþróttafélagið Hörður	341	3
21. Íþróttad. Hestamannaf. Gusts	295	3
22. Skotfélag Kópavogs	75	1
23. Golfklúbbur Kópavogs	175	2
24. Keilufélag Garðabæjar	86	1
25. Íþróttad. Hestamannaf. Andvara	175	2
26. Tennisfélag Kópavogs (69)		
27. Golfklúbbur Bakkakots (26)		
	5917	59
	+(95)	

# Ávarp formanns

## Inngangur

UMSK verður 70 ára á þessu ári. Glæsilegur árangur fjölmargra einstaklinga og hópa á síðasta ári er mikið ánægjuefni. Mikið og óeigingjarnt starf er unnið innan aðildarfélaga UMSK. Af þessum sökum má vera ljóst að rík ástæða er til að líta björtum augum til framtíðarinnar.

## Félagsstarfið

Innan ÍSÍ er verið að ræða tillögur um hvernig skráningu félagsmanna og iökenda skuli háttáð innan íþróttahreyfingarinnar. Að auki er verið að ræða tillögur um samræmd reikningsskil félaga. Brýnt er fyrir forystumenn félaganna að fylgjast vel með framvindu þessara mála. Rétt er í þessu sambandi að minna á þær reglur sem gilda innan UMFÍ og þar með innan UMSK um skil á félagatali með starfsskýrslum.

Ungmenna- og íþróttafélögin þurfa að kappkosta að halda vel allar reglur um skráningar, reikningsskil og aðalfundi til þess að tryggja að félagsstarfið gangi eðlilega fyrir sig.

## Íþróttaaðstaða

Þrátt fyrir mikla uppbyggingu á íþróttaaðstöðu á undanförnum árum þá er aðstöðuleysi því oft valdandi að margir ungligar hætta þáttíöku í starfi félaganna. Þetta er vissulega áhyggjuefni þegar litið er til þess að allar kannanir sýna að þátttakendur í íþrótt- og æskulýðsstarfi eru síður neytendur ávana- og fíkniefna.

Nauðsynlegt er að halda áfram að skapa aðstöðu fyrir unga fólk ið til að stunda holla tómstundaiðju. Mörg verkefni eru framundan við uppbyggingu íþróttamannvirkja. Ungt fólk á öllum aldri þarf að taka höndum saman til þess að láta þau verða að veruleika.

## Fjárhagsstaðan

Fjárhagsstaða UMSK var vissulega erfið í upphafi síðasta árs. Þessari stöðu var mætt með því að vera án starfsmanns um sinn, treysta á sjálfböðaliðsvinnu og halda rekstri skrifstofu í algjöru lágmarki. UMFÍ létt í té aðstöðu fyrir skrifstofu og verður það seint fullþakkað. Næstum öll mál frá landsmóti eru nú frágengin og þau sem eftir eru á lokastigi.

Margir hafa hjálpað til við að laga fjárhagsstöðuna og skal þar sérstaklega getið styrks frá fjármálaráðuneytinu síðastliðið vor. Þessi styrkur kom vissulega í góðar þarfir. Pakkarorð verða alltaf fátækleg í tilfellum sem þessum.

Óhætt er að fullyrða að bjartari tímar eru framundan. Framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn í hálft starf frá 1. desember. Segja má að starfsemi sambandsins nú sé í tilsvarandi farvegi og fyrir landsmót, að vísu með vissum skipulagsbreytingum.

#### Lokaorð

Íslensk Getspá og Getraunir hafa haldið uppi góðu starfi og skilað góðum tekjum til sinna eignaraðila. Sambandsaðilar UMSK eru hvattir til þess að nýta sér þann tekjumöguleika sem Getraunir hafa upp á að bjóða. Þeim sem starfa hjá þessum ágætu fyrirtækjum er þakkað fyrir góð störf í þágu UMSK og annarra sem njóta afriksturs af starfi þeirra.

Að lokum þakka ég stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra UMSK, Birgi Ara Hilmarssyni, fyrir gott samstarf á árinu. Jafnframt þakka ég forsvarsmönnum UMFÍ og ÍSÍ, aðildarfélögum og sveitarstjórnum á sambandssvæðinu fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Íslandi allt,  
Hafsteinn Pálsson

---

## Skýrsla Stjórnar UMSK 1991 - 1992

Skýrslan var unnin af Birgi Ara Hilmarssyni í desember og janúar. Höfundar efnis eru Hafsteinn Pálsson, Hraunar Daníelsson, Birgir Ari Hilmarsson.

Myndir eru úr myndasöfnum UMSK og Skinfaxa. Forsíðumyndin er af sundliði UMSK 1991.

Kápan var prentuð í prentstofu G Ben en skýrslan er fjörlituð í Stensli.

# 67. ÁRSPING UMSK

67. Ársþing UMSK fór fram í Félagsheimili Kópavogs 10. febrúar s.l. Þingið var í umsjá Íþróttafélagsins Gerplu sem fórst það vel úr höndum. Matur var í boði Bæjarstjórnar Kópavogsbæjar og eru þeim færðar þakkir fyrir sem og Íþróttafélaginu Gerplu fyrir umsjá þingsins.

Þingforsetar voru Margét Bjarnadóttir Gerplu og Páll Aðalsteinsson UMFA og þingritrar Þorgerður Aðalsteinsdóttir UBK, Hjördís Bjerkhoel Andrésdóttir Ými, Elsa Jónsdóttir Gerplu og Guðrún Magnúsdóttir UMFA. Gestir þingsins voru Sveinn Björnsson forseti ÍSÍ, Pálmi Gíslason formaður UMFÍ, Sigurður Þorsteinsson framkvæmdastjóri UMFÍ, Sæmundur Runólfsson stjórn UMFÍ, Katrín Gunnarsdóttir framkvæmdastjórn ÍSÍ, Jón Ármann Héðinsson framkvæmdastjórn ÍSÍ og Kristján Sveinbjörnsson.

Hafsteinn Pálsson var endurkjörinn formaður sambandsins, aðrir í stjórn voru kjörin Ester Jónsdóttir UBK, Hraunar Daníelsson UBK og Birgir Ari Hilmarsson Ými sem reyndar var áður í varastjórn var kjörinn til eins árs í stað Þorgríms Októsonar sem gekk úr stjórn eftir eitt ár, Höskuldur Gunnarsson Dreng var kjörinn á 66. ársþinginu til tveggja ára og situr því áfram eitt ár. Í varastjórn voru kjörin Guðrún Magnúsdóttir UMFA, Örn Harðarson Herði og Emilía Jónsdóttir UMFÍ.

Á þinginu voru afhentar viðurkenningar svo sem venja er á ársþingum UMSK. Félagsmálaskjöld UMSK hlaut Svanur Gestsson UMFA, Afreksbikar UMSK hlaut Sigurður Bjarnason handknattleiksmaður úr Stjórnunni, UMFÍ-BIKARINN hlaut meistarflokkur Breiðabliks í knattspyrnu kvenna og Frjálsþróttabikar UMSK sem afhentur var í fyrsta skipti hlaut Guðrún Arnardóttir Bríðablik.

Þá voru á þinginu sæmd Starfsmerki UMSK þau Anna Möller Stjórnunni, Guðbrandur Hannesson Dreng, Gunnar Páll Pálsson UMFA, Helga Jóhannsdóttir UBK, Páll Hreinsson Ými, Sigurjón Valdimarsson UBK og Örn Steinar Sigurðsson Gerplu.

Nokkur umræða var um 20. landsmót UMFÍ og fögnumenn því að UMSK vann mótið eins og vonir manna stóðu til, þá voru einnig fjármál mótsins rædd.

# STJÓRN UMSK

Á 67. ársþingi sambandsins urðu nokkrar breytingar á stjórn. Þorgrímur Októson, Alda Helgadóttir og Björn Hermannsson gengu úr stjórn og í þeirra stað komu Örn Harðarson, Guðrún Magnúsdóttir og Emilía B Jónsdóttir. Þá gekk Birgir Ari Hilmarsson úr varastjórn í aðalstjórn.

Stjórnin var því skipuð sem hér segir:

Formaður	Hafsteinn Pálsson	UMFA
Varaformaður	Hraunar Daníelsson 2 ár	UBK
Ritari	Ester Jónsdóttir 2 ár	UBK
Gjaldkeri	Birgir Ari Hilmarsson	Ými
Meðstjórnandi	Höskuldur Gunnarsson	Dreng
Til vara:	Örn Harðarson	Herði
	Guðrún Magnúsdóttir	UMFA
	Emilía B Jónsdóttir	UMFK

Haldnir höfðu verið 10 formlegir stjórnarfundir á starfsárinu þegar þetta er ritað.

Mætingatafla stjórnar:

Nafn	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	samt
Hafsteinn	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	10
Hraunar	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1	10
Ester		1	1				1	1	1	1	5
Birgir	1	1		1	1	1	1	1	1	1	9
Höskuldur		1			1	1	1	1	1	1	6
Örn		1					1	1	1	3	
Guðrún	1		1				1				4
Emilía	1		1								2
Samt.	5	6	5	4	3	4	5	7	4	6	49

Þess ber að geta að Emilía fluttist af landi brott á árinu og starfaði þar af leiðandi ekki meira með stjórninni.

# AÐILDARFÉLÖG UMSK

## 1. Afturelding

Ungmennafélagið Afturelding, Mosfellsbæ	
Fjöldi félaga yngri en 16 ára:	548
Fjöldi félaga 16 ára og eldri:	365
Alls:	913
Félagið stofnað: 11. apríl 1909	
Formaður:	Guðbjörg Pétursdóttir
Formenn deilda:	
Badmintondeild:	Pórdís Ásgeirsdóttir
Frjálsþróttadeild:	Bjarni Halldórsson
Handknattleiksdeild:	Jóhann Guðjónsson
Knattspyrnudeild:	Svanur M Gestsson
Sunddeild:	Gunnar Hubner

## 2. Drengur

Ungmennafélagið Drengur, Kjós	
Fjöldi félaga yngri en 16 ára:	22
Fjöldi félaga 16 ára og eldri:	73
Alls:	95
Félagið stofnað: 01. ágúst 1915	
Formaður:	Ólafur Magnússon

## 3. UMFK

Ungmennafélag Kjalnesinga	
Fjöldi félaga yngri en 16 ára:	93
Fjöldi félaga 16 ára og eldri:	108
Alls:	201
Félagið stofnað: 26. maí 1938	
Formaður:	Aðalheiður Kristín Steinadóttir

## 4. UMFB

Ungmennafélag Bessastaðahrepps	
Fjöldi félaga yngri en 16 ára:	122
Fjöldi félaga 16 ára og eldri:	25
Alls:	147
Félagið stofnað: 06. janúar 1945	
Formaður:	Kjartan Sigtryggsson

**5. Breiðablik**

Ungmennafélagið Breiðablik, Kópavogi	
Fjöldi félaga yngri en 16 ára:	840
Fjöldi félaga 16 ára og eldri:	1084
Alls:	1924
Félagið stofnað: 12. febrúar 1950	
Formaður:	Logi Kristjánsson
Formenn deilda:	
Blakdeild:	Oddný Erlendsdóttir
Frálsíþróttadeild:	Böðvar Bjarnason
Handknattleiksdeild:	Þorgerður Aðalsteinsdóttir
Karatedeild:	Matthías Friðriksson
Knattspyrnudeild:	Árni Guðmundsson
Kvennadeild:	Birna Guðmundsdóttir
Körfuknattleiksdeild:	Bjarni Þórmundsson
Ruðningsdeild:	Birgir S Ásbórrsson
Skiðadeild:	Óttar B Ellingsen
Sunddeild:	Guðrún Harðardóttir

**6. Stjarnan**

Ungmennafélagið Stjarnan, Garðabæ	
Fjöldi félaga yngri en 16 ára:	756
Fjöldi félaga 16 ára og eldri:	1222
Alls:	1978
Félagið stofnað: 30. nóvember 1960	
Formaður:	Anna R Möller
Formenn deilda:	
Blakdeild:	Sigurður Hansson
Borðtennisdeild:	Albrecht Ehmann
Fimleikadeild:	Hafdís Hilmarsdóttir
Handknattleiksdeild:	Guðjón Friðriksson
Karatedeild:	Einar Einarsson
Knattspyrnudeild:	Páll Bragason
Ruðningsdeild:	Daði Guðmundsson
Sunddeild:	Hafþór Guðmundsson

**7. Grótta**

Íþróttafélagið Grótta, Seltjarnarnesi	
Fjöldi félaga yngri en 16 ára:	478
Fjöldi félaga 16 ára og eldri:	194
Alls:	672
Félagið stofnað: 24. apríl 1967	
Formaður:	Ásgerður Halldórsdóttir
Formenn deilda:	
Fimleikadeild:	Þuríður Halldórsdóttir
Handknattleiksdeild:	Margrét Kristjánsdóttir
Knattspyrnudeild:	Steinn Jónsson

<b>8. HK</b>	Handknattleksfélag Kópavogs, Kópavogi Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 735 Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 405 Alls: 1140 Félagið stofnað: 26. janúar 1970 Formaður: Þorsteinn Einarsson Formenn deilda: Blakdeild: Albert HN Valdimarsson Handknattleiksdeild: Þorsteinn Einarsson Knattspymudeild: Sigurjón Sigurjónson
<b>9. Gerpla</b>	Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 394 Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 278 Alls: 672 Félagið stofnað: 25. apríl 1971 Formaður: Ingvar Árnason. Formenn deilda: Fimleikadeild: Elsa Jónsdóttir
<b>10. Ýmir</b>	Siglingafélagið Ýmir, Kópavogi Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 40 Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 212 Alls: 252 Félagið stofnað: 4. mars 1971 Formaður: Hjörðís Andréasdóttir
<b>11. Vogur</b>	Siglingaklúbburinn Vogur, Garðabæ Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 30 Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 15 Alls: 45 Félagið stofnað: 1974 Formaður: Bjarni Hannesson
<b>12. ÍK</b>	Íþróttafélag Kópavogs, Kópavogi Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 209 Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 183 Alls: 392 Félagið stofnað: 23. október 1976 Formaður: Sigurjón Sigurðsson
<b>13. Kjölur</b>	Golfklúbburinn Kjölur, Mosfellsbæ Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 39 Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 224 Alls: 263 Félagið stofnað: 5. desember 1980 Formaður: Örn Höskuldsson

**14. Sigurfari**

Siglingafélagið Sigurfari, Seltjarnarnesi	
Fjöldi félaga yngri en 16 ára:	42
Fjöldi félaga 16 ára og eldri:	136
Alls:	178
Félagið stofnað: 1981	
Formaður: Hjörtur Hjartarson	

**15. Gásxi**

Íþróttafélagið Gásxi, Mosfellsbæ	
Fjöldi félaga yngri en 16 ára:	2
Fjöldi félaga 16 ára og eldri:	53
Alls:	55
Félagið stofnað: 10. júní 1982	
Formaður: Snorri Magnússon	

**16. Hlynur**

Íþróttafélagið Hlynur, Kópavogi	
Fjöldi félaga yngri en 16 ára:	0
Fjöldi félaga 16 ára og eldri:	62
Alls:	62
Félagið stofnað: 14. júní 1983	
Formaður: Ásgeir Pálsson	

**17. Tjaldur**

Íþróttafélagið Tjaldur, Mosfellsbæ	
Fjöldi félaga yngri en 16 ára:	0
Fjöldi félaga 16 ára og eldri:	16
Alls:	16
Félagið stofnað: 1984	
Formaður: Gyða Vigfúsdóttir	

**18. Golfkl. Garðab.**

Golfklúbbur Garðabæjar, Garðabæ	
Fjöldi félaga yngri en 16 ára:	5
Fjöldi félaga 16 ára og eldri:	102
Alls:	107
Félagið stofnað: 17. apríl 1986	
Formaður: Kjartan Borg	

**19. Hvætberar**

Knattspyrnufélagið Hvætberar, Seltjarnarnesi	
Fjöldi félaga yngri en 16 ára:	0
Fjöldi félaga 16 ára og eldri:	13
Alls:	13
Félagið stofnað: 21. janúar 1987	
Formaður: Ásgeir Baldursson	

**20. Hördur**


Hestaþróttafélagið Hördur, Mosfellsbæ	
Fjöldi félaga yngri en 16 ára:	69
Fjöldi félaga 16 ára og eldri:	341
Alls:	410
Félagið stofnað: 02. janúar 1978	
Formaður: Valdimar Kristinsson	

<b>21. Gustur</b>	Íþróttadeild Hestamannaf. Gysts, Kópavogi Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 60 Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 295 Alls: 355 Félagið stofnað: 26. febrúar 1980 Formaður: Sævar Kristjánsson
<b>22. SFK</b>	Skotfélag Kópavogs, Kópavogi Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 2 Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 75 Alls: 77 Félagið stofnað: 28. apríl 1988 Formaður: Halldór Jónsson
<b>23. KGB</b>	Keilufélag Garðabæjar, Garðabæ Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 8 Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 86 Alls: 94 Félagið stofnað: 25. maí 1989 Formaður: Halldór Snorrason
<b>24. Golfkl. Kóp.</b>	Golfklúbbur Kópavogs, Kópavogi Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 12 Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 175 Alls: 187 Félagið stofnað: 2. júlí 1990 Formaður: Þorsteinn Steingrímsson
<b>25. Andvari</b>	Íþróttadeild Hestamannaf. Andvara, Garðabæ Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 11 Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 175 Alls: 186 Félagið stofnað: 13. febrúar 1986 Formaður: Halldór Svansson
<b>26. TFK</b>	Tennisfélag Kópavogs, Kópavogi Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 34 Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 69 Alls: 103 Félagið stofnað: 4. júní 1991 Formaður: Sigurður Þorsteinsson
<b>27. GOB</b>	Golfklúbbur Bakkakots, Mosfellsdal Fjöldi félaga yngri en 16 ára: 0 Fjöldi félaga 16 ára og eldri: 26 Alls: 26 Félagið stofnað: 15. júní 1991 Formaður: Guðmundur T. Magnússon

Þrjú efstu lið í UMSK  
mótinu í keilu.



Þrjú efstu pör í UMSK  
mótinu í keilu.



Gullerðlaunahafar í flokkum  
para og einstaklinga á  
UMSK mótinu í keilu.



# **37. Sambands- þing UMFÍ**

UMSK átti að þessu sinni rétt til tuttugu og tveggja fulltrúa á UMFÍ þing, en ekki gekk að fylla þann fjölda og var það að hluta til vegna forfalla á síðustu stundu og einnig vegna þess að þingið lenti á fyrsta vetrardegi og eru margir uppteknir þann dag við annað.

Þeir aðilar sem mættu á þingið voru sammála um að þingið hefði gengið vel fyrir sig í alla staði en auðvitað eru ekki allir sammála um afgreiðslu ýmissa mála sem tekin voru fyrir.

Ekki verður hér farið að minnast á einstök mál sem tekin voru fyrir á þinginu en þess skal getið að Ólína Sveinsdóttir var kosin í stjórn UMFÍ.

Allur aðbúnaður þingfulltrúa var til fyrirmynadar og ber að þakka heimamönnum þ.e. USAH mönnum fyrir.

## **Eftirtaldir voru fulltrúar UMSK**

- 1 Hafsteinn Pálsson
- 2 Hraunar Danélfsson
- 3 Birgir Ari Hilmarsson
- 4 Höskuldur Gunnarsson
- 5 Einar Sigurðsson
- 6 Logi Kristjánsson
- 7 Jón Ingí Ragnarsson
- 8 Ólína Sveinsdóttir
- 9 Una María Óskarsdóttir
- 10 Sigurður Þorsteinsson
- 11 Ingvar Árnason
- 12 Kristján Sveinbjörnsson
- 13 Albert HN Valdimarsson
- 14 Svanur M Gestsson
- 15 Gunnar Páll Pálsson
- 16 Pálmi Gíslason

# SKRIFSTOFA UMSK

Skrifstofa sambandsins er til húsa að Öldugötu 14, húsi Ungmennafélags Íslands, þar sem hún hefur verið síðan í desember 1990 og er UMFÍ þakkað fyrir að veita sambandinu aðstöðu.

Birgir Ari Hilmarsson var ráðinn framkvæmdastjóri sambandsins frá 1. desember, hann verður í hálfu starf.

Skrifstofan var opnuð aftur eftir nokkurt hlé sl. haust en aðeins var haft opið fjóra tíma á viku fram að áramótum strax eftir áramót var opnunartíminn aukinn en skrifstofan er nú opin sem hér segir mánudaga og miðvikudaga frá kl. 13:00 - 17:30 og á föstudögum frá kl 15:00 - 18:00. Einnig er mögulegt að ná í starfsmann UMSK utan þessa tíma eða leggja inn skilaboð á skrifstofu UMFÍ.

---

# FRÉTTABRÉF UMSK

Aðeins kom út eitt tölublað af fréttabréfi UMSK á árinu 1991 en stefnt er að því að gefa út fleiri blöð á þessu ári en það ætti að takast með auknum umsvifum skrifstofunnar.

Höfundar efnis í síðasta fréttabréf voru Birgir Ari Hilmarsson, Hafsteinn Pálsson, Halldór Ragnarsson og Hörður Óskarsson.

Allar tillögur um efni í fréttabréfið eru vel þegnar. Áskrifendur að fréttabréfi UMSK eru nú um 1000.

# SKÓLA-HLAUP UMSK

Laugardaginn 12. nóvember sl. fór fram skólahlaup UMSK og var það að þessu sinni haldið á Kópavogsvelli. Allmiklar skipulagsbreitingar voru gerðar á hlaupinu en að þessu sinni var hlaupið í umsjón frjálsíþróttadeildar UBK, að venju var boðið upp á hressingu en að þessu sinni var boðið upp á Seltzer frá Sól hf. Helstu breitingar voru þær að aðeins var einn bekkur í hverjum flokki og ekki keppt í flokkum yngstu bekkja.

Um það bil fimm hundruð keppendur mættu til leiks og var þáttakan mjög góð hjá yngri bekkjum en heldur var lélegri þáttakan hjá þeim eldri og þá sérstaklega hjá tíunda bekk. Veitt voru verðlaun fyrir sex efstu sætin í hverjum flokki, verðlaunapeningur fyrir þrjú fyrstu sætin en Gogga Galvaska kasetta fyrir sæti 4, 5 og 6. Þá voru einnig veittir að venju farandgripir til skóla fyrir besta samanlagðan árángur í hverjum flokki.

Framkvæmd hlaupsins var öll hin besta og skal þeim frjálsíþróttamönnum í UBK þökkuð sú mikla vinna sem þeir lögðu í skipulag hlaupsins.

## Úrslit urðu þessi

### 4. bekkur

#### stúlkur:

1. Heba Kristinsdóttir Digranesskóla
2. Svandís Pálmadóttir Varmárskóla
3. Gígja Arnardóttir Varmárskóla

#### drengir:

1. Vilhjálmur Halldórsson Flataskóla
2. Sigurvin Friðbjarnason Snælandsskóla
3. Guðjón Már Sveinsson Hjallaskóla

### Stigakeppni milli skóla

- |                  |     |      |
|------------------|-----|------|
| 1. Snælandsskóli | 303 | stig |
| 2. Hjallaskóli   | 241 | -    |
| 3. Kársnesskóli  | 223 | -    |
| 4. Snælandsskóli | 218 | -    |
| 5. Hofstaðaskóli | 213 | -    |
| 6. Flataskóli    | 181 | -    |
| 7. Digranesskóli | 173 | -    |

### 5. bekkur

#### stúlkur:

1. Lára Bjarnadóttir Varmárskóla
2. Rakel Jensdóttir Kópavogsskóla
3. Guðríður Óskarsdóttir Varmárskóla

#### drengir:

1. Ingí Þór Arnarson Flataskóla
2. Ásgeir Þór Erlendsson Varmárskóla
3. Bergur Þrastarson Hjallaskóla

- |                  |     |      |
|------------------|-----|------|
| 1. Varmárskóli   | 152 | stig |
| 2. Flataskóli    | 139 | -    |
| 3. Hjallaskóli   | 135 | -    |
| 4. Snælandsskóli | 83  | -    |
| 5. Kársnesskóli  | 75  | -    |
| 6. Kópavogsskóli | 45  | -    |
| 7. Digranesskóli | 18  | -    |

**6. bekkur**

**stúlkur:**

1. Sigrún Sigurðardóttir Hjallaskóla
2. Ásta Gunnlaugsdóttir Kársnesskóla
3. Ásta Hallgrímsdóttir Varmáskóla

**drengir:**

1. Guðmundur Friðleifsson Kópavogsskóla
2. Auðunn Helgason Kársnesskóla
3. Marel Baldvinsson Hjallaskóla

1. Snælandsskóli 186 st.
2. Varmáskóli 183 -
3. Flataskóli 136 -
4. Kársnesskóli 134 -
5. Hjallaskóli 121 -
6. Digranesskóli 114 -
7. Kópavogsskóli 70 -

**7. bekkur**

**stúlkur:**

1. Tinna Elín Knútsdóttir Varmáskóla
2. Sandra Karlsdóttir Hjallaskóla
3. Guðrún Óladóttir Digranesskóla

**drengir:**

1. Davíð H Stefánsson Varmáskóla
2. Axel Þ Eysteinsson Garðaskóla
3. Pétur Bjarki Pétursson Hjallaskóla

1. Snælandsskóli 161 stig
2. Varmáskóli 140 -
3. Hjallaskóli 92 -
4. Garðaskóli 90 -
5. Digranesskóli 73 -
6. Kársnesskóli 70 -

**8. bekkur**

**stúlkur:**

1. Edda Óskarsdóttir Snælandsskóla
2. Hildur Ólafsdóttir Þinghólsskóla
3. Jóhanna Jónsdóttir Kópavogsskóla

**drengir:**

1. Sverrir Sverrisson Hjallaskóla
2. Þórður Guðmundsson Hjallaskóla
3. Friðrik Friðriksson Snælandsskóla

1. Varmáskóli 44 stig
2. Snælandsskóli 42 -
3. Hjallaskóli 29 -
4. Kópavogsskóli 25 -
5. Þinghólsskóli 20 -

**9. bekkur**

**stúlkur:**

1. Katrín Jónsdóttir Hjallaskóla
2. Elínborg Óskarsdóttir Snælandsskóla
3. Agnes Þorvaldsdóttir Hjallaskóla

**drengir:**

1. Stefán H Aðalsteinsson G.skóla Mosfellsbæ
2. Ólafur Jónsson Hjallaskóla
3. Jökkull Steinþórsson Hjallaskóla

1. Hjallaskóli 24 stig
2. G.skóli Mosfellsb.16 -
3. Snælandsskóli 6 -
4. Kópavogsskóli 4 -
5. Digranesskóli 1 -

**10. bekkur**

**stúlkur:**

1. Margrét R Ólafsdóttir Hjallaskóla
2. Ólafur Jónsson Hjallaskóla

**drengir:**

1. Aron Haraldsson Hjallaskóla
2. Árni Eyþórsson Þinghólsskóla
3. Hlynur Vilmarsson Snælandsskóla

1. Hjallaskóli 4 stig
2. Þinghólsskóli 2 -
3. Snælandsskóli 1 -

## **68. ÁRSPÍNG UMSK**

---


Hópur þingfullrúa  
UMSK á UMFÍ þingi.



Hress hópur að  
afloknu skólahlaupi.



Nokkrar efnilegar úr  
skólahlaupinu.



# Starfs-skýrslur

Mikilvægi þess að félögin vandi vinnu við starfsskýrslur sínar á öllum að vera ljóst sem hugleiða tilgang þeirra. M.a. má nefna að fulltrúafjöldi sambandsaðila á þingum einstakra sérsambanda er ákveðinn eftir þeim upplýsingum sem félögin gefa í starfsskýrslum sínum. Flestir sinna þessu starfi mjög vel og er það til fyrirmynadar. Því miður hafa ekki allir skilað inn sínum skýrslum enn og eru því í banni hjá ÍSÍ.

Skilafrestur á skýrslum til UMSK er 1. apríl því skila þarf til ÍSÍ fyrir 15. apríl að öðrum kosti eiga félög yfir höfði sér keppnisbann. Að auki gildir sú regla hjá UMFÍ að lottógreiðslur falla niður til sambandsaðila vegna félaga sem ekki skila inn starfsskýrslum og félagatali þar til skil eiga sér stað.

Aðildarfélög UMSK eru hvött til þess að skila sínum starfsskýrslum ásamt félagatali tímanlega svo ekki komi til keppnisbann af hálfu ÍSÍ eða lækkun á greiðslum frá UMFÍ vegna hagnaðar af rekstri Íslenskrar Getspárr.

## Ný félög

Á fundi stjórnar þann 10. október sl. var samþykkt umsókn Tennisfélags Kópavogs (TFK) um aðild að UMSK, og á stjórnarfundi þann 27. október var samþykkt umsókn Golfklúbbs Bakkakots (GOB) um aðild að sambandinu. Samkvæmt lögum UMSK þarf að staðfesta þessar samþykktir um aðild að sambandinuá þingi UMSK.

Tennisfélag Kópavogs var stofnað 4. júní 1991 og voru stofnfélagar 103, í lögum TFK segir ma. Tilgangur félagsins er að veita félagsmönnum sínum tækifæri til að iðka hvers konar félags- og tómstundastarfsemi, sem tengist tennisþróttinni. Formaður TFK er Sigurður Þorsteinsson.

Golfklúbbur Bakkakots var stofnaður 15. júní 1991 og voru stofnfélagar 25, í lögum GOB segir ma. Tilgangur og markmið klúbbsins er að glæða og viðhalda áhuga á golfþróttinni. Klúbburinn stendur fyrir golfæfingum, golfmóturnum og annari félagsstarfsemi er tengist íþróttinni. Formaður GOB er Guðmundur T Magnússon.

Stjórn UMSK býður þessi félög velkomin í sambandið. Þá hætti Augnablik starfsemi á árinu. Félögin eru því alls 27 talsins.

# Bikarkeppni SSÍ

Á árinu 1987 hófst samdstarf á milli sunddeilda UBK og UMFA um að keppa undir merki UMSK í bikarkeppni SSÍ.

Sama ár nánar tiltekið 12. - 13. september var lagt land undir fót og farið til Siglufjarðar til að keppa í þriðju deild SSÍ ásamt átta öðrum félögum sem voru: UMSB, Þróttur Neskaupsstað, Vestri B-lið, USVH, HSH, Valur Reyðarfirði, KS Siglufirði og Huginn Seyðisfirði.

Tekin var rúta á leigu til þessarar ferðar og fékk sundfólkið frá UMSB að vera okkur samferða, þar var í forsvari Ingimundur Ingimundarson núverandi forstöðumaður Sundlaugar Kópavogs. Ferðalag þetta tókst í alla staði mjög vel, og tókst þjálfurum liðsins þeim Halldóri Ragnarssyni og Sonju Hreiðarsdóttur að ná mjög góðri stemningu hjá sundfólki okkar.

Leikar fóru svo að UMSB sigraði í keppninni með 192 stigum ( ekki notuð alþjóðleg stigatafla ) en lið UMSK varð í öðru sæti með 146 stig og telst það mjög gott þar sem lið UMSK var skipað mjög ungu fólk með litla keppnisreynslu. Besta afrek mótsins í karlagreinum vann Flosi Sigurðsson UMSK í 100 m skriðsundi en hann náði tímanum 1,01,9 sek sem gaf 507 stig samkvæmt alþjóðlegri stigagjöf.

Með ferð þessari á Siglufjörð síðla sumars 1987 og samstarfi UBK og UMFA ásamt Stjörnunni eftir að stofnuð var sunddeild þar hófst uppbygging sundsins innan UMSK en það hafði ósköp lítið farið fyrir sundinu í nokkur ár.

Í dag er staðan sú að stór hópur barna og unglings æfir sund innan UMSK; einnig er samstarfið sífellt að aukast milli þeirra þriggja sunddeilda sem eru innan sambandsins svo sem með æfingaferðum og sameiginlegum æfingum í Kópavogi, Mosfellsbæ og Garðabæ þegar verið er að undirbúa þátttöku í stórum mótaum.

Lið UMSK féll í aðra deild árið 1990. Strax í september 1991 var hafinn undirbúnin undir deildarkeppnina meðal annars með því að fara í æfingabúðir að Varmalandi í Borgarfirði og einnig haldnar sameiginlegar æfingar á heimaslöðum. Mikill hugur var í sundfólki okkar að endurheimta sæti sitt í fyrstu deild og skyldi allt gert sem haegt væri til að ná því marki.

Bikarkeppni annarar deildar fór svo fram dagana 17. - 19. nóvember sl. í Sundhöll Reykjavíkur, eftir fyrstu two dagana hafði Sundfélag Hafnarfjarðar forystu á mótinu með 462 stig yfir stigafjölda UMSK. Að morgni þriðja dags sá lið UMSK að við svo mætti ekki standa og var nú tekið á af fullum krafti og í mótslok stóð lið UMSK uppi sem sigurvegarar í bikarkeppni annarar deildar SSÍ og settu marki var náð þe. að endurheimta sæti sitt í fyrstu deild.

Úrslit urðu þessi:

UMSK	20657	stig
SH	20368	stig
ÍBV	16043	stig
UMSB	14338	stig
Ármann	11522	stig
Í A -B	11121	stig

---

## Bikarkeppni FRÍ

Helgina 10. - 11. ágúst fór fram á Varmárvelli keppni í 1. og 2. deild í Bikarkeppni FRÍ. Á þessu móti náði lið UMSK þeim frábæra árangri að endurheimta sæti sitt í 1. deild ásamt UMSS og kemur því lið UMSK til með að keppa í 1. deild sumarið 1992.

FH vann Bikarkeppnina í 1. deild með glæsibrag og er óskað til hamingju með sigurinn.

Lokastaðan varð eftirfarandi í 2. deild:

1. sæti	UMSS	144,0	stig
2. sæti	UMSK	125,0	stig
3. sæti	HSP	124,5	stig
4. sæti	UMSB	117,0	stig
5. sæti	USAH	117,0	stig
6. sæti	UDN	80,5	stig

# HÉRAÐS MÓT

Að venju voru haldin héraðsmót í knattspyrnu á árinu. Framkvæmd var í höndum einstakra félaga. Keppt var í yngri flokkum karla. Því miður er ekki unnt að rekja úrslitin hér.

Héraðsmót í sundi var haldið 13. október í sundlauginni Ásgarði í Garðabæ og var framkvæmd mótsins í höndum Sunddeildar Stjörnunnar og gekk það alveg príðilega að öðru leiti en því að veðurguðirnir hefðu mátt vera sundfólkini hliðhollari sem kennir okkur að slík móti að halda á vorin. Úrslit úr mótinu eru á bls. 31.

Héraðsmót í keilu var haldið í fyrsta sinn nú í haust og var það mjög skemmtilegt móti. Það er vonandi að héraðsmót í keilu verði árviss atburður.

---

## Sundnefnd UMSK

Á árinu 1991 kepti sundlið UMSK á þremur móti, fyrst á KR-Arena mótinu 9.-10. mars og lenti í þriðja sæti. Þá setti piltasveit UMSK Íslandsmeit í 8x50 m skriðsundi á tímanum 3.42.27 mín.

Annað mótið sem tekið var þátt í var Aldurflokkamót Íslands (AMÍ) sem haldið var í Hafnarfirði 5.-7. júlí og náðist mjög góð samstaða hjá liði UMSK á þessu móti, háði liðið harða baráttu við Sundfélagið Suðurnes um þriðja sæti í mótinu. En leikar fóru þannig að SFS var í þriðja sæti UMSK í því fjórða með 200 stig (ekki notuð alþjóðleg stigatafla) og urðu endanleg úrslit þessi:

Ægir 491 stig  
ÍA 335 stig  
SFS 209 stig  
UMSK 200 stig

Alls tóku 16 lið þátt í þessu móti og skráningar voru um 1000 en þetta mun vera eitt af fjölmennustu móti sem haldin eru í sundi.

Síðan tók liðið þátt í Bikarkeppni SSÍ sm er fjallað um annars staðar í þessari skýrsu.

Innanfélagsmót var svo haldið í Sundhöll Reykjavíkur 28. desember með hefðbundnum hætti, sett voru tvö Íslandsmeit og var það piltasveit UMSK sem bætti metið frá því á KR-Arena mótinu um 3 sek eða í 3.39.82 mín. einnig bætti piltasveitin metið í 4x100 m. bringusundi og syntu þeir á tímanum 5.04.70 mín.

# GETRAUNIR

Eftirtaldir sambandsaðilar UMSK hafa getraunanúmer og eiga því möguleika á að afla sér tekna af sölu getraunaseðla:

<b>Grótta</b>	<b>170</b>
<b>Sigurfari</b>	<b>172</b>
<b>Hvatberar</b>	<b>173</b>
<b>Breiðablik</b>	<b>200</b>
<b>Gerpla</b>	<b>202</b>
<b>HK</b>	<b>203</b>
<b>Ýmir</b>	<b>204</b>
<b>Gustur</b>	<b>206</b>
<b>Stjarnan</b>	<b>210</b>
<b>Golfk. Garðabæjar</b>	<b>212</b>
<b>UMFB</b>	<b>226</b>
<b>Afturelding</b>	<b>270</b>
<b>UMFK</b>	<b>271</b>
<b>Kjölur</b>	<b>272</b>
<b>Golfk. Bakkakots</b>	<b>273</b>

Það er að hluta til undir félögunum komið að salan gangi vel því félögin verða að kynna númer sitt vel fyrir félagsmönnum sínum og stuðningsmönnum. Hvað ómerkta seðla varðar þá fá félögin sama hlutfall af þeim eins og af merktum seðlum þannig að miklu máli skiptir að sem flestir merki númer síns félags á seðilinn.



# **Greiðslur til aðildarfélaga UMSK frá Getraunum**

Hér á eftir er yfirlit um greiðslur frá Getraunum til einstakra félaga fyrir árið 1991. Athygli vekur hve áheit til félaga innan UMSK hefur dregist saman.

170	Grótta	68.871
172	Sigurfari	1.105
173	Hvatberar	3.098
200	UBK	246.910
201	ÍK	16.020
202	Gerpla	74.959
203	HK	128.005
204	Ýmir	397
206	Gustur	423
210	Stjarnan	120.602
212	Golfkl. Garðabæjar	6.759
226	UMFB	597
270	UMFA	25.740
271	UMFK	3.821
272	Kjölur	4.751
273	G.O.B.	6.168
Samtals		708.226

Hlutur allra félaga innan einstakra sveitar-félaga var eftirfarandi á sama tímabili:

Seltjarnarnes	73.074
Kópavogur	466.714
Garðabær	127.361
Bessastaðahr.	597
Mosfellsbær	36.659
Kjalarnes	3.821
Samtals	708.226

**Skinfaxi**  
ERT PÚ  
ÁSKRIFANDI?

# LOTTÓ

## 5/38

Fyrirtækið Íslensk Getspá er í eigu íþróttá- og ungmennafélagshreyfingarinnar og Öryrkjabandalagsins. ÍSÍ á 46.67 % og UMFÍ 13.33 % og Öryrkjabandalagið 40 %.

Sem fyrir gengur leikurinn út á það að merkja við fimm tölur af þrjátíu og átta. Ágóðinn af leiknum gengur síðan til eignaraðila sem sem hafa með sér ákveðnar úthlutunarreglur.

### Úthlutunarreglur ÍSÍ

1. Af óskiptu fari:
 

3%	til Afreksmannasjóðs ÍSÍ.
1%	til Olympíuneftndar Íslands.
4%	til ÍSÍ.
20%	til útbreiðslustyrks.
2. Af því sem þá er eftir fari:
 

55%	til héraðssambanda.
45%	til sérsambanda.
3. Hluta héraðssambanda verði skipt þannig:
 

12%	jafnt - óháð stærð þeirra.
88%	eftir íbúafjölda 1. desember næstliðins árs með þeirri leiðréttingu að hlutur héraðssambanda með aðild að UMFÍ verði lækkaður um 22% vegna aðildar bæði að UMFÍ og ÍSÍ. Framkvæmdastjórn úthlutar ofangreindum 22% til íþróttabandalaga.
4. Hluta sérsambanda verði skipt þannig:
 

15%	jafnt - óháð stærð þeirra.
85%	eftir umfangi/stærð samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnar.

### Úthlutunarreglur UMFÍ

#### I. Grunnskipting:

A hluti: 72 %

B hluti: 28 %

A hluta er skipt til sambandsaðila UMFÍ á eftirfarandi hátt:

1. 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
2. 40% er skipt eftir íbúafjölda samkvæmt sérstakri reglu.
